Placat,

i hvørju innihaldast

nockrar frekari Aqvardanir,

vidvíkjandi

Kauphøndlun og Kaupstødum á Íslandi.

Kaupmannahøfn, þann 22ann April 1807.



Leirárgørdum vid Leirá, 1807.
Utgéfid af þeim konúnglega íslendska Lands-Yfirrétti á publiqve kostnad, og prentad af Bókþryckjara G. J. Schagfjord.





Vjer Christjan enn Sjøundi, af Guds Nád Danmerkur og Norvegs, Vinda og Gauta Konungur, Hertogi Slesvikur, Holsetulands, Stórmæris, Þettmerskis og Aldinborgar, Gjørum øllum vitanlegt:

Þared þau 20 Ar, um hvør Islands Kauphøndlun, med Placati af 18da Aug. 1786, var unnt Frìteknìngar frá Tolls og Consumtions Utsvari, med fleiru, nú eru útrunnin, høfum Vér fyrir Oss tekid ad yfirvega, ad hvørju leiti Kauphøndlanin ennþá kynni þessa Frelsis ad vidþurfa, og hvørjar frekari Aqvardanir annars, í Tilliti til nefndrar Kauphøndlunar og Islands

lands Kaupstada, nú um sinn mættu hentugar vyrdast; Því fyriskipum Vér, sem fylgir:

1.

Sú Fílun frá Tolls og Consumtions Utsvari, sem med Placati af 18da Aug. 1786, hefir verid veitt Islands Kauphøndlun í 20 Ár, skal framvegis, og, uns frekara hér um áqvardast, vidhaldast, hvarámóti uppábodid Afgjald af innanlands Skipum, héreptir einnig lúkist, vid Tollheimtustadi, af øllum þeim Skipum, sem til Islands útsigla, eda þadan innkoma.

2.

Fyrir íslendska Sjóar-Passa, sem nú, eins og ønnur Bréfmál, er útgánga frá Vorum Stjórnar-Rádum, gefast út á óstimpladann Pappír, skal héreptir betala 32 ß. af hvørri Commerce-Lest, sem Skipid tekid getur, og auk þessa til Skattkammers-Kassans 4 ß. af hvørri Commerce-Lest, í stadinn fyrir þá 2 rdli., sem fyri hvørn þvílíkann Passa híngad til goldist hafa.


3.

Vestmannaeyar og Grundarfjørdur á Islandi, sem med Tilskipuninni af 17da Nóvembr. 1786, fengu Kaupstada-frelseit, gángi framvegis úr Kaupstadanna tølu, og verdi ad eins til Kaupskapar leysdar Uthafnir.

4.

Hédan af skal sérhvørjum Kaupmanni, sem í íslendskum Kaupstad er búfastur, og heldur þar fram stødugri Kauphøndlun bædi Vetur og Sumar, leyst vera, ad kaupverdsla á sérhvørri Uthøfn, sem annadhvørt vid Lausn Kauphøndlunarinnar var til Kaupskapar valin, ellegar af Voru Rentukammeri, eptir Vorum gefnum Myndugleika, hér eptir verdur þad á Islandi.

5. Svo



5.

Svo skal Islands Póstskipa-ferdum framvegis haga, sem nú á seinni Árunum gjört er, nefnilega: ad Póstskipid fari frá Kaupmannahøfn seinast í Septembr. mánudi, liggi Vetrarlegu í Islandi, og haldi þadan svo tímanlega, ad nád gèti til Kaupmannahafnar, ádur enn Kaupfør létta þadan á Vorum, med hvørjum Póstkassinn þá sendist.

6.

Ad ødru leiti stendur vid nú gyldandi Fyriskipanir, um Islands Kauphøndlun og þess Kaupstadi.

Hvar eptir hlutadegendur skulu allraundirgèfnast breyta.

Gèfid í Vorum konúnglega Adseturs-Stad Kaupmannahøfn, þann 22ann April 1807.

Undir Vorri Konunglegu Hendi og Innsigli.

CHRISTIAN R.



Reventlow.

Moltke. Wormskiold. Fridsch.

Kongslew.